

Fundargerð 11. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 27. mars 2014

Árið 2014, fimmtudaginn 27. nóvember kl. 12.40 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á Grand Hotel.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fræðsluefni um sjávarútvegssamfélög

Þann 28. mars 2014 mun formaður, ásamt Róberti og Guðnýju eiga fund með menntavísindasviði HÍ og Mafís um möguleika á gerð fræðsluefnis og dreifileiðir.

Jafnframt rætt um Vinnuskóla Sjávarklasans, sem íslenski Sjávarklasinn hefur kynnt. Stjórn beinir því til aðildarsveitarfélaga að skoða möguleika á því að efla þekkingu ungs fólks á sjávarútvegi með þátttöku í Vinnuskóla Sjávarklasans eða sambærilegum verkefnum.

2. Staða mála varðandi breytingar á lögum um stjórn fiskveið

Formaður fór yfir stöðu á vinnslu frumvarps og fjallaði um aðkomu samtakanna að frumvarpsgerðinni, en væntanlega verður frumvarp lagt fram á vorþingi.

3. Ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2013

Páll gjaldkeri fór yfir ársreikning samtakanna fyrir árið 2013. Rekstarafkoma ársins er 3.572 þús. kr.

Samtökin eiga að orðið góðan sjóð sem fyrirhugað er að nýta við gerð umsagna um væntanlegt frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og námsefnisgerðar um sjávarútvegssamfélög í samræmi við markmið samtakanna, sbr. 1. lið fundargerðar.

Ársreikningurinn verður sendur aðildarsveitarfélögum til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

Fundargerð skráði RR.